

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. júní 2022

**Efni: Umsögn um 690. mál á 152. löggjafarþingi 2021–2022, þingskjal 1033:
Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds
til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.**

Um er að ræða nýja og breytta útgáfu lagafrumvarps, sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi sem mál nr. 700. Fjölmargar veigmiklar athugasemdir voru gerðar við það frumvarp (m.a. af FEB-R í þremur meginliðum) og hlaut það ekki afgreiðslu þingsins.

Í nýja frumvarpinu hefur að ýmsu leyti verið komið til móts við athugasemdir sem gerðar höfðu verið. Meðal annars hefur verið fallið frá því að verðbæta lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna aðeins einu sinni á ári í stað mánaðarlega eins og tíðkast hefur. Þetta var meðal þess sem FEB-R hafði gert athugasemd við, reyndar ásamt yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem athugasemdir gerðu, og vill félagið fagna því að fallið hefur verið verið frá þeim áformum.

Hins vegar hefur engin breyting orðið á því atriði sem C-liður athugasemdar FEB-R frá 28. apríl 2021 snerist um, þ.e. fyrirhugaðar breytingar á samspili greiðslna séreignar frá lífeyrissjóðunum og lífeyrisgreiðslna almannatrygginga, og skilin í því efni á milli eldra fyrirkomulags og nýs. FEB-R var reyndar ekki eini aðilinn sem gerði athugasemdir um þetta, því athugasemdir Seðlabanka og nokkurra lífeyrissjóða hnigu í sömu átt.

FEB-R telur að það stefni í mikið óefni ef Alþingi ræður ekki bót á ágöllum frumvarpsins að þessu leyti nú á síðustu metrunum. Að óbreyttu yrðu þá um að ræða stórfellda afturvirka skerðingu á lífeyrisréttindum mikils fjölda fólks og þau sem fyrir þessu yrðu myndu neyðast til þess að sækja rétt sinn gegn ríkinu með málsókn. Þeim málaferlum myndi ríkið óhjákvæmilega tapa með skömm því að slík afturvirk breyting á leikreglum með stórfelldum íþyngjandi afleiðingum fær ekki staðist eins og dæmin sanna.

FEB-R ítrekar því hér með C-lið athugasemdar sinnar frá 21. apríl 2021 og hvetur hæstvirt Alþingi eindregið til að taka mark á henni:

„C. Af 13. og 15. gr. (ath: var 14. og 16.) frumvarpsins leiðir að útgreiðsla séreignar, sem stofnað hefur verið til með hluta skylduiðgjalds, mun framvegis leiða til skerðinga hjá almannatryggingum á sama hátt og útgreiðsla lífeyris úr samtryggingu. Um langt árabíl hefur þessu verið öðruvísi háttað og hefur verið gagnrýnt með réttu að í því hafi falist óréttmæt mismunun. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að mismununinni verði útrýmt með þeim hætti að eldri regla verði látin gilda gagnvart þeim sem heija töku lífeyris fyrir gildistöku breytingarinnar, en sú nýja gagnvart þeim sem heija töku lífeyris síðar.

Sjórnr FEB-R vill vara við þessari leið. Gagnvart þeim sem heija myndu lífeyris-töku síðar, eftir að hafa á undanförunum árum og áratugum lagt í séreign sam-

kvæmt gildandi skilmálum þeirra tíma, myndi þetta jafngilda afturvirkri forsendu-
breytingu sem hæpið er að tái staðist.

Sjórn FEB-R leggur því til að útfærsla breytingarinnar verði með þeim hætti, að
skilin verði ekki látin miðast við það hvenær einstaklingur byrjar að taka lífeyri,
heldur við það hvenær stofnað var til séreignarinnar. Úttekt á séreign sem stofn-
að var til fyrir gildistöku laganna myndi þá ekki valda skerðingu hjá TR, en úttekt
sama einstaklings á séreign sem stofnað var til síðar myndi hinsvegar valda
skerðingu skv. nýjum reglum.“

Virðingarfyllst,

f.h. kjaranefndar Félags eldri borgara
í Reykjavík og nágrenni



Finnur Birgisson
formaður